

Tónlist á Kópasteini

Nóvember - desember 2024

●Sönglög:

Allir hafa eitthvað til að ganga á

Á íslensku má alltaf finna svar

- *Dagur íslenskrar tungu, 16. nóv.*

Ég er rauður lítill héri

Ég get klappað

Frost er úti

Húsið og ég

- *Dagur íslenskrar tónlistar 1. des.*

Kópasteinsbragur

- *Afmæli Kópasteins 9. des.*

Köngulóin

Snjór

Tröllalagið

Tröllavísur og Ljónalagið

●Jólaög:

Adam átti syni sjö *

Aðventukertin

Á jólunum er gleði og gaman

Bjart er yfir Betlehem

Bráðum koma blessuð jólin

Er vetur kemst á kreik

Ég sá mömmu kyssa jólasvein*

Fimm mínútur í jól

Gefðu mér gott í skóinn

Gekk ég yfir sjó og land *

Göngum við í kringum *

Í helli upp við háan tind

Í skóginum stóð kofi einn *

Jólaötturinn

Jólasveinar einn og átta *

Jólasveinar ganga um gólf *

Jólasveinavísur

Jólasveinninn minn

Jólin alls staðar

Nú er Gunna á nýju skónum

Nú skal segja *

Skín í rauðar skotthúfur

Snjókorn falla á allt og alla *

Snjókorn falla nú til jarðar

Við óskum þér góðra jóla

Það á að gefa börnum brauð

Þyrnirós

*Lög sem við syngjum í kringum jólatréð

●Áramótalög:

Stóð ég úti í tungsljósi

Máninn hátt á himni skín

●Dansar og leikir

Tvö skref til hægri

Viltu geta hver þar er?

Þylsuveislan

●Hljóðfæri

Tré- og málm spil, þríhorn og bjöllur

SÖNGLÖG

Allir hafa eitthvað til að ganga á

∴ Allir hafa eitthvað til að ganga á,
teygðu fram löppina og lof mér að sjá∴

Fíllinn hefur fætar tær,
ljónið hefur loppur tvær.
Músin hefur margar smáar
en ormurinn hefur ansi fáar.

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engar skugga.
Krókódíllinn kjaftinn ljóta,
sá er nú klár að láta sig fljóta.

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir.
Á hnúunum hendast aparnir,
á rassinum leppalúðarnir.

Á íslensku má alltaf finna svar

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var.
Og hún á orð sem geyma gleði og sorg
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar veðurur tungan þjál,
þar vex og grær og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn nema ég og þú.

Ég er rauður lítill héri

Ég er rauður lítill héri
og sjáðu hvað ég geri.
Ég hoppa og skoppa
og sný mér svo í hring.
Svo kann ég líka að klappa,
með fótunum að stappa.
er ofsa klár að telja,
einn og tveir og þrír

Ég get klappað

Ég get klappað, ég get gengið hratt.
Ég get séð og hlustað, það er satt.
Lykt af öllu finn ég og fæ mér hollan mat
og fylli krafti líkamann,
já, það er ekkert plat.
∴Ég á hendur, ég á fætur,
augu, eyru, nef og munn∴

Frost er úti

Frost er úti, fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu' í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik,
ég ætla' að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mynslu handa þér.

Húsið og ég

Húsið er að gráta alveg eins og ég,
dar-ra-ra-ra-ra, o-ó.
Það eru tár á rúðunni
sem leka svo niður veggina.
Gæsin flýgur á rúðunni
eða er hún að fljúga á auganu á mér?
Ætli húsið geti látið sig dreyma,
ætli það fá martraðir?

Hárið á mér er ljóst, þakið á húsinu grænt,
ég Íslendingur, það Grænlandur.

∴Mér finnst rigning góð,
la-la-la-la-la, o-ó∴

Einu sinni fórum við í það og ferðuðumst
til Balí. Við heyrðum í gæsunum og
regninu. Það var í öðru húsi x3
Það á að flytja það í vor.

Kópasteinsbragur

Það eru kátir krakkar á Kópasteini í dag
sem koma hérna saman
og þau syngja þetta lag.
Og sýna ykkur verkin
sem í vetur voru gerð.
Það varla dylst að hérna
eru snillingar á ferð.
„Já, við erum kátir krakkar
og á kostum förum hér.
Við kunnum öll að skemmta okkur
eins og vera ber.
Já, við eigum okkur ljúfan draum
um lífsins ævintýr
og langar til að sýna öllum
hvað í okkur býr“.

Köngulóin

Það var eitt sinn könguló sem
hafði átti fætur,
því þurfti hún að fara
snemma á átta fætur
og fara í skóna og
reima skóna á átta fætur.
Hún taldi: „1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8“
Átta fætur, trallalalla, hmm, átta fætur...

Snjór

Snjór x11
Líttu út um gluggann,
loksins kominn snjór!
Birtir yfir skuggann, mig langar að búa til
stóran, sterkan snjókarl
og fagran snjóengil!
Komdu' að gera snjókarl,
nú er nægur snjór,
við þurfum stórar skóflur, ekkert slór!
Eftir langan daginn, þegar húmar að,
við drekkum ljúffengt kakó við
heitan arineld með bleikar eplakinnar.

Líttu út um gluggann,
loksins kominn snjór!
Birtir yfir skuggann,
nú er gaman að vera til!
Þeysum út í daginn,
á sleða niður gil!
Skíði eða skautar, gildir einu hér,
bara ef þú kemur út með mér!

Snjórx5
Ég vil bara meiri snjó!
Snjór x12

Tröllalagið

Hérna koma nokkur risa tröll, hó, hó!
Þau öskra svo það bergmálar
um fjöll, hó, hó!
Þau þramma yfir þúfurnar
svo fljúga burtu dúfurnar
en bak við ský er sólin hlý í leyni.
Hún skín á tröll svo verða þau að steini.

Tröllavísur & Ljónalagið

Hátt uppi í fjöllum þar búa tröllin;
tröllapabbi, tröllumamma
og litli Trölli-Rölli.
„Bö!“ sagði tröllapabbi.
„Bö!“ sagði tröllumamma.
En hann litli Trölli-Rölli
sagði ekki neitt, uss!

Langt inni í skóginum þar búa ljónin:
Ljónapabbi, ljónamma
og litli Ljónsi-Flónsi.
„Arr!“ sagði ljónapabbi.
„Arr!“ sagði ljónamma.
En hann litli Ljónsi-Flónsi
sagði bara: „Mjá!“

JÓLALÖG

Adam átti syni sjö

Adam átti syni sjö, sjö syni átti Adam.
Adam elskaði alla þá
og allir elskuðu Adam.
Hann sáði, hann sáði.
Hann klappaði saman lófunum,
stappaði niður fótunum,
ruggaði sér í lendunum
og snéri sér í hring.

Aðventukertin

Við kveikjum einu kerti á.
Hans koma nálgast fer
sem fyrstu jól í jötu lá
og Jesúbarnið er.

Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans,
því Drottinn sjálfur soninn þá
mun senda' í líking manns.

Við kveikjum þremur kertum á,
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.

Við kveikjum fjórum kertum á.
Brátt kemur gesturinn,
og allar þjóðir þurfa að sjá,
að það er frelsarinn.

Á jólunum er gleði og gaman

:/: Á jólunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm :/:
Þá koma allir krakkar með
í kringum jólatréð.
Þá mun ríkja gleði og gaman,

allir hlæja og syngja saman
fúm, fúm, fúm!

:/: Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm :/:

Hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana.
Þá mun ríkja...

:/: Á jólunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm :/:

Þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið.
Þá mun ríkja...

Bjart er yfir

Bjart er yfir Betlehem, blikar jólastjarnan.
Stjarnan mín og stjarnan þín,
stjarnan allra barna.

Var hún áður vitringum
vegjaljósið skæra.

Barn í jötu borið var, barnið ljúfa kæra.

Víða höfðu vitringar vegi kannað hljóðir.

Fundið sínum ferðum á
fjölda margar þjóðir.

Barst þeim allt frá Betlehem
birtan undurskæra.

Barn í jötu borið var, barnið ljúfa kæra.

Barni gjafir báru þeir,
blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð Drottni sungu.

Bjart er yfir Betlehem,
blikar jólastjarna.

Stjarnan mín og stjarnan þín,
stjarna allra barna.

Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallett
í það minnsta kerti og spil.
Kerti og spil, kerti og spil,
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.
Gaman þá, gaman þá, ákaflega gaman þá.

Fimm mínútur í jól

Er það brúða eða bíll? Bók eða lest?
Þekkir einhver hér þennan jólagest,
sem læðist um með sekk,
lætur ofan í skó
meðan lítil börnin sofa vært í ró?

Hvíldu höfuð hljótt,
hlustaðu, það kemur senn jólanótt.
Úti er snjór, úti er kalt, úti hljóma
jólabjöllur yfir allt.

Gefðu mér gott í skóinn

Gefðu mér gott í skóinn,
góði jólasveinn, í nótt.
Úti þú arkar snjóinn,
inni sef ég vært og rótt.

Góði, þú mátt ei gleyma,
glugganum er sef ég hjá.
Dásamlegt er að dreyma
dótið sem ég fæ þér frá.

*Góði sveinki, gættu' að skó,
gluggakistunni á, og þú mátt ei arka hjá
án þess að setja neitt í þá.*
Gefðu mér eitthvert glingur,
góði jólasveinn, í nótt.

Meðan þú söngva syngur,
sef ég bæði vært og rótt.

*Ó, hve skelfing yrði ég kát ef þú gæfir mér,
eina dúkku, ígulker eða bara hvað sem er.*

Gefðu mér eitthvert glingur...

Gekk ég yfir sjó og land

Gekk ég yfir sjó og land
og hitti þar einn gamlan mann.
Sagði hann og spurði svo:
„Hvar áttu heima?“
„Ég á heima á Klapplandi, Klapplandi,
Klapplandi. Ég á heima á Klapplandi,
Klapplandinu góða“
(Stapplandi, Grátlandi, Hlælandi,
Hvíslandi og Íslandi!)

Göngum við í kringum

Göngum við í kringum :,einiberjarunn,:
Göngum við í kringum einiberjarunn,
snemma á mánudagsmorgni.

Svona gerum við er við
:,:þvour okkar þvott:,:
Svona gerum við erum við þvour okkar
þvott snemma á mánudagsmorgni.

-þriðjudagsmorgni, vindum okkar þvott.
-miðvikudagsmorgni, hengjum okkar þvott.
-fimmtudagsmorgni, teygjum okkar þvott.
-föstudagsmorgni, straujum okkar þvott.
-laugardagsmorgni, skúrum okkar gólf.
-snemma á sunnudagsmorgni, greiðum
okkar hár.
-seint á sunnudagsmorgni, göngum
kirkjugólf.

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa jólasvein
við jólatréð í stofunni í gær.
Ég læddist létt á tá, til að líta gjafir á,
hún hélt ég væri steinsofandi
Stínu dúkku hjá.

Og ég sá mömmu kitla jólasvein
og jólasveinninn út um skeggið hlær.
Já, sá hefði hlegið með,
hann faðir minn hefði hann séð,
mömmu kyssa jólasvein í gær.

Í skóginum stóð kofi einn

Í skóginum stóð kofi einn,
sat við gluggann jólasveinn.
Þá kom lítið héraskinn
sem vildi komast inn.
„Jólasveinn, ég treysti' á þig,
veiðimaður skýtur mig“
„Komdu litla héraskinn,
því ég er vinur þinn“

Veiðimaður kofann fann,
jólasveinininn spurði hann:
„Hefur þú séð héraskinn
hlaupa' um hagann þinn?“
„Hér er ekkert héraskott,
hafa skaltu þig á brott!“
Veiðimaður burtu gekk
og engan héra fékk.

Í helli upp við háan tind

;;:Í helli upp við háan tind
býr hýrlegur jólasveinn, jólasveinn:;
Hann hoppar, skoppar, hendist inn
og hollan borðar grautinn sinn.
Í helli upp við háan tind býr
hýrlegur jólasveinn.

Jólakötturinn

Þið kannist við jólaköttinn,
sá köttur var gríðarstór.
Fólk vissi' ekki hvaðan hann kom
eða hvert hann fór.

Hann glennti upp glyrnurnar sínar,
glóandi báðar tvær.
Það var ekki heiglum hent
að horfa í þær.

Kamparnir beittir sem broddar,
upp úr bakinu kryppa há
og klærnar á loðinni löpp
var ljótt að sjá.
Hann veifaði stélinu sterka,
Hann stökk og hann klóraði og blés
og var ýmist upp í dal eða út um nes.

Þið hafið nú kannski í huga
að hjálpa ef þörf verður á.
Máske að enn finnist einhver
börn sem ekkert fá.

Máske að leitinn að þeim sem líða
af ljósskortum heims um bó,
gefi ykkur góðan dag
og gleðileg jól.

Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta
ofan komu úr fjöllum.
Í fyrrkvöld þeir fóru að hátta,
fundu'ann Jón á Völlum.
Andrés stóð þar utan gátta,
það átti að færa'ann tröllum.
Þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllunum

Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf
með gildan staf í hendi.
Móðir þeirra sópar gólf
og flengir þá með vendi.
;:Upp á stól, stendur mín kannu,
nú nóttum fyrir jól þá kem ég til manna.::

Jólasveinavísur

Segja vil ég sögu
af sveinunum þeim,
sem brugðu sér hér forðum
á bæina heim.

(Þeir uppi á fjöllum sáust,
eins og margur veit,
í langri halarófu
á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir
og gaf þeim tröllamjólk,
en pabbinn Leppalúði,
það var leiðindafólk.)

Þeir jólasveinar nefndust,
um jólin birtust þeir,
og einn og einn þeir komu,
en aldrei tveir og tveir.

Stekkjastaur kom fyrstur,
stinnur eins og tré.
Hann laumaðist í fjárhúsið
og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar,
þá varð þeim ekki um sel,
því greyið hafði staurfætur,
það gekk nú ekki vel.

Giljagaur var annar,
með gráa hausinn sinn.
Hann skreið ofan úr gili
og skaust í fjósið inn.

Hann faldi sig í básunum
og froðunni stal,
meðan fjósakonan átti
við fjósamanninn tal.

Stúfur hét sá þriðji,
stubburinn sá.
Hann krækti sér í pönnu
þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu
Og hirti agnirnar.
Sem brunnu stundum fastar
við barminn hér og þar.

Sá fjórði, **Þvörusleikir**,
var fjarskalplega mjór.
Og ósköp varð hann glaður
þegar eldabuskan fór.

Þá þau hann eins og elding
og þvöruna greip.
Og hélt með báðum höndum
því hún var stundum sleip.

Sá fimmti, **Pottaskefill**,
var skrýtið kuldastrá.
Þegar börnin fengu skófir
hann barði dyrnar á.

Þau ruku upp til að gá að
hvort gestur væri á ferð.
Þá flýtti hann sér að pottinum
og fékk sér góðan verð.

Sá sjötti, **Askasleikir**,
var alveg dæmalaus.
Hann fram undan rúmunum
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólkíð setti askana
fyrir kött og hund,
hann slunginn var að ná þeim
og sleikja á ýmsa lund.

Sjöundi var **Hurðaskellir**,
sá var nokkuð klúr,
ef fólkíð vildi í rökkrinu
fá sér væran dúr.

Hann var ekki sérlega
hnugginn yfir því,
þó harkalega marraði
hjörunum í.

Skyrjarmur, sá áttundi,
var skelfilegt naut.
Hann hlemminn ofan af sánum
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig
og yfir matnum gein,
uns stóð hann á blístri
og stundi og hrein.

Níundi var **Bjúgnakrækir**,
Brögðóttur og snar.
Hann hentist upp í rjáfrin
og hnuplaði þar.

Á eldhúsbíta sat hann
í sóti og reyk
og át þar hangið bjúga
sem engan sveik.

Tíundi var **Gluggagægir**,
grályndur mann,
sem laumaðist á skjáinn
og leit inn um hann.

Ef eitthvað var þar inni álitlegt að sjá,
hann oftast nær seinna
í það reyndi að ná.

Ellefti var **Gáttaþefur**
aldrei fékk sá kvef,
og hafði þó svo hlálegt
og heljarstórt nef.

Hann ilm af laufabrauð
upp á heiðar fann,

og léttur, eins og reykur,
á lyktina rann.

Ketkrókur, sá tólfti,
kunni á ýmsu lag.
Hann þrammaði í sveitina
á Þorláksmessudag.

Hann krækti sér í tutlu,
þegar kostur var á.
En stundum reyndist stuttur
stauturinn hans þá.

Þrettándi var **Kertasníkir**,
þá var tíðin köld,
ef ekki kom hann síðsastur
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin,
sem brostu glöð og fín,
og trítluðu um bæinn
með tólgarkertin sín.

Svo tíndust þeir í burtu,
það tók þá frost og snjór.
Á Þrettándanum síðasti
sveinstaulinn fór.

Jólasveinninn minn

„:Jólasveinninn minn,:
ætla að koma í kvöld
með poka af gjöfum
og segja sögur og syngja jólalög.
Það verður gaman þegar hann kemur,
þá svo hátíðlegt er.
Jólasveinninn minn, káti karlinn minn,
kemur með jólin með sér.

Jólin alls staðar

Jólin, jólin alls staðar,
Með jólagleði og gjafirnar.
Börnin stóreyg standa hjá
og stara jólaljósín á.

Jólaklukkan boðskap ber
um bjarta framtíð handa þér.
Og brátt á himni hækkar sól,
við höldum heilög jól.

Nú er Gunna á nýju skónum

Nú er Gunna á nýju skónum,
nú eru að koma jól.
Siggi er á síðum buxum,
Solla' á bláum kjól.

Mamma er enn í eldhúsinu
eitthvað að fást við mat.
Indæla steik hún er að færa
upp á stærðar fat.

Pabbi enn í ógnarbasli
á með flibbann sinn.
"Fljótur, Siggi, finndu snöggvast
flibbahnappinn minn".

Kisu er eitthvað órótt líka,
út fer brokkandi.
Ilmurinn úr eldhúsinu
er svo lokkandi.

Jólatréð í stofu stendur,
stjörnuna glampar á.
Kertin standa á grænum greinum,
gul og rauð og blá.

Nú skal segja

Nú skal segja, nú skal segja
hvernig litlar telpur gera.
Vagga brúðu, vagga brúðu
og svo snúa þær sér í hring.
-litlir drengir, sparka bolta.
-ungar stúlkur, þær sig hneigja.
-ungir piltar, taka ofan.
-gamlar konur, þrjóna sokka.
-gamlir karlar, taka' í nefið,
aaatjú!

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljóf í geði leika sér lítil börn í desember,
inn í frið og ró, út í frost og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn
kemst hann ekki í bæinn inn,
inn í frið og ró, út í frost og snjó,
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt,
stafa geislum björtum.
Norðurljósín loga skær
leika á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér
hýr og glöð í desember
þó að feyki snjó þá í friði og ró
við höldum heilög jólin
heilög blessuð jólin.

Snjókorn falla á allt og alla

Snjókorn falla, á allt og alla.
Börnín leika og skemmta sér.
Nú er árstíð kærleika og friðar,
komið er að jólastund.

Vinir hittast og halda veislu,
borða saman jólamat.
Gefa gjafir, fagna sigri ljóssins,
syngja saman jólalag.

Á jólaball við höldum í kvöld.
Ég ætla að kyssa þig
undir mistilteini í kvöld
við kertaljóssins loga.

Plötur hljóma, söngvar óma.
Gömlu lögin syngjum hátt.
Bara ef jólin væru aðeins lengur,
en hve gaman væri þá.

Snjókorn falla nú til jarðar

Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt,
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.
Nú er skemmtilegt að líta
okkar landið kalda og hvíta,
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.

Syngjum æ, æ, hopp og hí og hæ
svo það hljómi í þorpi, borg og bæ.
Inni í dölum, uppi á fjöllum
ómar loft af hlátrasköllum,
syngjum æ, æ, hopp og hí og hæ.

Við óskum þér góðra jóla

„:Við óskum þér góðra jóla:,:
og gleðilegs árs.
Góð tíðindi færum við til allra hér:
Við óskum þér góðra jóla og gleðilegs árs.

Það á að gefa börnum brauð

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólnum,
kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.
Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

Þyrnirós

Hún Þyrnirós var :,:besta barn,:
Hún Þyrnirós var besta barn, besta barn.

Þá kom þar galdrakerling inn,
kerling inn, kerling inn.
Þá kom þar galdrakerling inn, kerling inn.

„Á snældu skaltu :,:stinga þig,:
Á snældu skaltu stinga þig, stinga þig.

Sofðu nú í :,:heila öld,:
Sofðu nú í heila öld, heila öld.

Og þyrnigerðið :,:hóf sig hátt,:
Og þyrðigerðið hóf sig hátt, hóf sig hátt.

Hún Þyrinós svaf :,:eina öld,:
Hún Þyrnirós svaf eina öld, eina öld.

Þá kom hinn ungi :,:konungsson,:
Þá kom hinn ungi konungsson,
konungsson.

„Ó, vakna þú, mín :,:Þyrnirós,:
Ó, vakna þú, mín Þyrnirós, Þyrnirós.

Og þá var kátt í :,:höllinni,:
Og þá var kátt í höllinni, höllinni.

ÁRAMÓTALÖG

Álfareiðin

Stóð ég úti í tungsljósi, stóð ég út við skóg,
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.
Blésu þeir á sönglúðra,
og bar þá að mér fljótt, -
og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir
grund, hornin jóa gullroðnu blíka við lund,
eins og þegar álfir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiði með fjaðrabýtt og söng.

Heilsaði hún mér drottningin
og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin, sem kallaði að mér?

Álfadans

Máninn hátt á himni skín,
hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður
og liðið er nú ár.

*Bregðum blysum á loft
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn
og hratt flýr stund.*

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt hér dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Bregðum blysum...

Komi hver sem koma vill
komdu nýja ár.
Dönsum dátt á svelli,
dunar ísinn blár.

Bregðum blysum...

Góða veislu gjöra skal
þar sé geng í dans.
Kveð ég um kóng Pípin
og Ólöfu dóttur hans.

*Stígum fastar á fjöl
spörum ei vorn skó.
Guð mun ráða
hvar við dönsum næstu jól.*